

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÞÝSK1GR05
Kennari:	Hólmfríður Friðjónsdóttir
Önn:	Haust 2023
Áætlun unnin:	15.ágúst 2023

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- greina og setja fram þann orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans
- flokka og greina grundvallarþætti þýska málkerfisins
- setja fram og fá skilning á menningu, samskiptavenjum og siðum þýskumælandi landa og þjóðanna þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt og geta fylgt einföldum fyrirmælum og skilið helstu kveðjur og kurteisísáðörp
- lesa og greina orð og mjög einfaldar setningar úr daglegu lífi.
- taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir.
- tjá sig um sjálfan sig, fjölskyldu sína og atburði daglegs lífs með því að beita grunnorðaforða tungumálsins.
- skrifa stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi.

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hlusta á og greina einfalt talað mál um sjálfa/h sig og nánasta umhverfi
 - rökstyðja og bera saman notkun á einföldum setningum yfir athafnir daglegs lífs.
 - leggja grunn að einföldum samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni.
 - draga ályktanir og nota einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu sinni og fólki sem hann þekkir.
- skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval í skapandi skrifum. ...sem er metið með... Munnleg og skrifleg smærri og stærri verkefni sem dreifast jafnt yfir önnina.

sem metið er með:	munlegum og skriflegum smærri og stærri verkefnum sem dreifast jafnt yfir önnina.
-------------------	---

Námsefni:	Sett inn í Moodle jafnt og þétt alla önnina frá kennara
Námsmat:	
	Munnleg og skrifleg verkefni, hlustunar- og upplestrarverkefni jafnt og þétt alla önnina: 90% Lokaverkefni: 10%

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Kennari setur í upphafi hverrar viku inn kennsluefni og verkefni því tengd ásamt nákvæmum útskýringum á tilhögun námsins.
Um skilafrest og vanskil:
Skilakassar loka kl. 18 á föstudögum og ekki er gefinn neinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum í sérstökum tilfellum.